

Sjálfbæriskýrsla 2022





UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
ÞÆTTIR

STJÓRNARHÆTTIR

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	1
Um skýrsluna	2
Um VSÓ Ráðgjöf	3
Umhverfi	5
Losun gróðurhúsalofttegunda	5
Orkunotkun	7
Samgöngur	9
Úrgangur og pappír	9
Félagslegir þættir	11
Jafnrétti og launahlutfall	11
Öryggi og heilsa	11
Samfélagsþátttaka	13
Stjórnarhættir	14
Stjórn VSÓ Ráðgjafar	14
Ábyrgir stjórnarhættir	14
Persónuvernd	15
Græna leiðin að sjálfbærri framtíð	16
Vistvænni mannvirkjagerð	16
Hringrásarhagkerfið	19
Vistvænni samgöngur	21
Loftslagsmál	22
Viðauki UFS Mælikvarðar	23
UFS mælikvarðar - Umhverfi	24
UFS mælikvarðar - Félagsslegir þættir	26
UFS mælikvarðar - Stjórnarhættir	29



UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
ÞÆTTIR

STÓRNARHÆTIR

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ágæti lesandi.

Sjálfbærni er orðið leiðarstef í stefnumótun fjölmargra ríkja, sveitarfélaga og fyrirtækja. Hún skiptir máli til að ná samkeppnishæfni og tryggja að við göngum ekki á auðlindir og skerðum tækifæri komandi kynslóða. VSÓ Ráðgjöf vill stuðla að sjálfbærri þróun og miðlar í þessari sjálfbæriskýrslu upplýsingum úr starfseminni, um stefnumótun, markmið og árangur í þáttum sem snúa að sjálfbærni. Einnig er greint frá verkefnum og þjónustu sem stuðla að sjálfbærni.

Hlutverk okkar hjá VSÓ Ráðgjöf er að styðja viðskiptavinum á vegferð þeirra að sjálfbæru samfélagi með ráðgjöf og hönnun á sviði umhverfismála, skipulags og mannvirkjagerðar. Áhersla er á lausnir sem stuðla að framförum og bættum árangri á sviði sjálfbærrar þróunar. Undir merkjum Grænu leiðarinnar bjóðum við vistvænar og hagkvæmar lausnir og leggjum okkur fram um að skapa raunverulegan ávinning fyrir viðskiptavinum s.s. í formi lægra kolefnisspors, hagkvæmari líftímakostnaðar og bættrar orku- og auðlindanýtingar.

Við viljum gera enn betur þegar kemur að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Sjálfbærnistefnan, sem var í mótun árið 2022 var gefin út í byrjun mars 2023. Hún verður höfð að leiðarljósi í markmiðssetningu um að ná enn betri árangri, bæði í rekstrinum og þjónustu VSÓ. Fagþekking og reynsla starfsfólks, framsækni og hugarfarar um stöðugar framfarir eru lykillinn að árangri og að því að mæta væntingum viðskiptavina.

Ég vil þakka öllu starfsfólki, heima og erlendis, fyrir mikilvægt framlag, áræðni í starfi og vel unnin störf á árinu 2022. Viðskiptavinum og stjórn vil ég þakka gott samstarf.

Runólfur Þór Ástþórsson





UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
ÞÆTTIR

STJÓRNARHÆTTIR

UM SKÝRSLUNA

VSÓ Ráðgjöf metur frammistöðu sína á sviði sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar með hjálp **UFS mælikvarða** og tekið saman í **sjálfbæriskýrslu**. Notaðar eru **leiðbeiningar Nasdaq** um UFS mælikvarða sem voru gefnar út á íslensku árið 2020. **UFS** stendur fyrir **umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti**. Leiðbeiningarnar eru bæði ætlaðar skráðum og óskráðum fyrirtækjum sem vilja efla sjálfbærni, tryggja öfluga upplýsingagjöf um frammistöðu á því sviði og auka gagnsæi í rekstri. Umhverfisupplýsingar hafa verið teknar saman síðan umhverfisstjórnunarkerfi var innleitt árið 2011 í samræmi við ISO 14001.



UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
ÞÆTTIR

STJÓRNARHÆTTIR

Leiðbeiningar Nasdaq fyrir UFS (Umvhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir) fjalla um það hvernig fyrirtæki geta með markmiðasetningu og upplýsingagjöf sýnt samfélagslega ábyrgð í verki með áherslu á sjálfbærni.

Köflum skýrslunnar er skipt eftir þremur stoðum UFS mælikvarðanna og er þar farið yfir þau **markmið VSÓ Ráðgjafar** sem tengjast mælikvörðunum og hvort þeim sé náð, ásamt því að vísað er í þau **heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna** sem eiga við hverju sinni og fyrirtækið leggur áherslu á en þau eru eftirfarandi:



Farið hefur fram greining á því hvaða undirmarkmið og mælikvarðar heimsmarkmiðanna fyrirtækið getur tengt við (sjá í viðauka).

Sér kafli er um **Grænu leiðina** og endurspeglar hann áherslur á sviði sjálfbærni og hringrásarhagkerfisins í þjónustu og verkefnum VSÓ þar sem stefnan er að bjóða ráðgjöf sem styður vegferð viðskiptavina í átt að **kolefnishlutleysi** og **sjálfbærri þróun**.

Í **viðauka** er **samantekt á frammistöðu** VSÓ í sjálfbærni gagnvart öllum þeim þáttum sem UFS mælikvarðarnir ná yfir, ásamt samanburði við árið 2021.



UM VSÓ RÁÐGJÖF


VSÓ er alhliða ráðgjafa- og verkfræðistofa sem leggur áherslu á trausta og faglega þjónustu sem tryggir viðskiptavinum hagkvæmstu lausnirnar hverju sinni, skilar raunverulegum árangri og stuðlar að samkeppnisforski. Fyrirtækið er með skrifstofu bæði á Íslandi og í Noregi. Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur sérfræðinga með fjölbreytta þekkingu byggða m.a. á menntun í verkfræði, skipulagsfræði, húsasmíði, arkitektúr, tæknifræði, tækniteiknun, rafvirkjun, náttúrufræði, matvælafræði, umhverfisfræði, landupplýsingarfræði, hagfræði og verkefnastjórnun. VSÓ leggur áherslu á að fá til sín vel menntað og hæft starfsfólk og kappkostar að skapa því góð vinnuskilyrði og tækifæri til að þróast í starfi. Við metum vellíðan starfsfólks okkar og leggjum áherslu á að það má vera gaman í vinnunni því við teljum að það sé grunnur að góðum viðskiptum. Víðtæk reynsla starfsfólks VSÓ byggir einnig á þeim fjölbreyttu verkefnum sem fyrirtækið hefur unnið að hér á landi og erlendis á þeim tæplega 65 árum sem liðin eru frá því fyrirtækið var stofnað árið 1958.

Upphaflega starfaði fyrirtækið einkum á sviði byggingarverkfræði en á áttunda áratugnum var farið inn á nýjar brautir með fjölbreyttari þjónustu til að mæta kröfum viðskiptavina. Á síðustu árum hafa umsvif VSÓ aukist til muna um leið og þjónusta fyrirtækisins orðið víðtækari. Innan fyrirtækisins eru sex megin svið: Verkefnastjórn- og áætlanir, Samgöngur, Tæknikerfi, Umhverfi og skipulag (öryggi og stjórnun), Bygðataekni og Burðarvirki.

Hugmyndafræði **sjálfbærrar þróunar** er höfð að leiðarljósi í rekstri og ráðgjöf VSÓ Ráðgjafar. Lögð er áhersla á að á að veita ráðgjöf og bjóða vistvænar og hagkvæmar lausnir og styðja þannig fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir á **grænni leið** að kolefnishlutleysi og sjálfbæru samfélagi.

Grænar lausnir draga fram það besta í vistvænni hönnun ásamt því að styðja við jákvæða byggðarþróun, tryggja góða orkunýtingu, bæta auðlindanýtingu og lágmarka úrgang. Ísland stefnir að kolefnishlutleysi árið 2040 og VSÓ leggur sitt af mörkum til að draga úr kolefnislosun.

VSÓ hefur víðtæka reynslu af ráðgjöf á sviði gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnunar og starfar samkvæmt vottuðum gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfum í samræmi við **ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001 staðlana**.





UMHVERFI



FÉLAGSLEGIR
DÆTTIR



STJÓRNARHÆTIR

Sjálfbærnistefna VSÓ var í móttun árið 2022 og var gefin út í mars 2023. Stefnan gildir fyrir rekstur og ráðgjöf fyrirtækisins og halda utan um núverandi **gæðastefnu, umhverfis- og samgöngustefnu** og **öryggis- og heilsustefnu** fyrirtækisins. Einnig vinnur VSÓ samkvæmt **persónuverndarstefnu, jafnréttisáætlun** og **sáttmála gegn einelti, áreiti og ofbeldi**.

Lögð er áhersla á að starfsfólk hafi þekkingu og reynslu á sviði sjálfbærni og hafi sjálfbærni að leiðarljósi í öllum sínum verkefnum og störfum. Liður í að innleiða hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar í starfsemi VSÓ er að leggja áherslu á þau **heimsmarkmið** sem talin eru best eiga við starfsemi fyrirtækisins. Heimsmarkmiðin veita stjórnvöldum og fyrirtækjum um heim allan sameiginlegan ramma fyrir sjálfbærni í rekstri þar sem þrjár meginstoðir sjálfbærrar þróunar eru skoðaðar í samhengi og mynda jafnvægi þeirra.

Unnið er að **BREEAM In-Use umhverfisvottun** á skrifstofuhúsnæði VSÓ í Borgartúni 20. Vottunarferlið gefur VSÓ möguleika á að draga enn frekar úr umhverfisáhrifum starfsstöðvarinnar og veita upplýsingar um þau áhrif sem sá hluti rekstrarins hefur.


VSÓ er aðili að **Festu** - miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni og hluti af ráðgjafateymi hennar. VSÓ er einnig aðili að **Grænni byggð**, samstarfsvettvangi fyrirtækja og stofnana um vistvæna þróun byggðar, og kemur að stefnumótun innan hans.

Gildi VSÓ Ráðgjafar

ÁRANGUR – Við leggjum áherslu á að öll verkefni sem við tökum að okkur skili raunverulegum árangri fyrir viðskiptavininn.

FRAMFARIR – Stöðugar framfarir skipta VSÓ höfuðmáli því aðeins þannig getum við hjálpað viðskiptavinum okkar að bæta árangur.

FORSKOT – Við viljum að ráðgjöf okkar hjálpi viðskiptavinum að ná forskoti á sínu sviði.



UMHVERFI

Stuðst er við **UFS leiðbeiningar Nasdaq** um framsetningu gagna þar sem horft er til losunar og losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda (GHL), orkunotkunar, orkukræfni, samsetningar orku, vatnsnotkunar, loftslagseftirlits stjórnar og stjórnenda, ásamt mildun loftslagsáhættu. Losunarkræfni GHL er sýnd sem losun á hvert stöðugildi og orkukræfni er orkunotkun á hvert stöðugildi og á hvern m³ eða m² húsnæðis.

Umhverfisstjórnun í samræmi við kröfur **ÍST EN ISO 14001** er hluti af rekstrarkerfi VSÓ Ráðgjafar og er ætlað að tryggja að fyrirtækið sýni góða frammistöðu í umhverfismálum og stýri þeim áhrifum sem starfsemi hefur á umhverfið. Fyrirtækið setur sér markmið um stöðugar umbætur til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar.

Mikilvægir umhverfisþættir í starfseminni hafa verið skilgreindir og eru vaktaðir; eldsneytisnotkun vegna aksturs og vinnutengdra flugferða, ferðir starfsmanna til og frá vinnu, rafmagnsnotkun í húsnæði og hleðslu rafmagnsbíla, vatnsnotkun, úrgangur og pappírnotkun. Innkaupum er stýrt og markmiðið er að kaupa vistvæna vöru ef hún er í boði. Notuð eru umhverfisvæn ræstiefni og hreinlætispappír. Útgefið efni er ýmist á rafrænu formi eða prentað í umhverfsvottaðri prentsmiðju. Notaður er Svansvottaður prentpappír.

Umfang 1: Bein losun vegna eigin starfsemi s.s. vegna framleiðsluferla og farartækja fyrirtækis.

Umfang 2: Óbein losun vegna orkunotkunar (rafmagn og heitt vatn til eigin nota).


Umfang 3: Óbein losun sem á sér stað utan fyrirtækis, s.s. vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu, vinnutengdra flugferða, förgunar úrgangs, aðkeyptrar vöru og þjónustu og flutninga.

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA



Markmið VSÓ: Minnka hlutfall losunar GHL vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu árið 2022 miðað við fyrir tíma Covid, árið 2019.


Staðan: VSÓ hefur haldið kolefnisbókhald frá árinu 2014. Stuðst er við **aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol** við útreikninga á kolefnisspori VSÓ á ársgrundvelli. Losun GHL miðað við CO₂ig er skipt í umfang 1, 2 og 3 eftir því hvar í virðiskeðjunni losunin á sér stað (mynd 1). Einnig er reiknuð út heildarlosun GHL á starfsmann.




Mynd 1: Losun GHL (CO₂ig) og skipting í umfang 1, 2 og 3 samkvæmt aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol.

Reiknuð losun GHJ ($\text{CO}_{2\text{ig}}$) árið 2022 vegna starfsemi VSÓ voru 56 tonn sem er aukning um 24% frá árinu 2021. Fyrir tíma Covid, árið 2019, var losun GHJ 86 tonn og hefur losunin minnkað um 35% síðan þá. Losun vegna umfangs 1 og 2 árið 2022 var 34% af heildarlosun og losun vegna umfangs 3 var 66%. Inni í losun vegna umfangs 3 er losun vegna vinnutengdra flugferða, ferða starfsfólks til og frá vinnu og förgunar úrgangs. Heildarlosun og hlutfall losunar GHJ í umfangi 1, 2 og 3 er sýnd á mynd 2. Í umfangi 3 veða ferðir starfsfólks til og frá vinnu mest. Hlutfall losunar GHJ vegna þessa þáttar dróst saman um 10% miðað við árið 2019 en jókst um 26% frá árinu 2021 (mynd 3).


Samdráttur í losun GHJ í heildina er 49% frá upphafi mælinga árið 2014 en þá var losunin 110 tonn $\text{CO}_{2\text{ig}}$. Uppruni losunar hjá VSÓ er sýndur á mynd 4. Losun GHJ á hvern starfsmann árið 2022 var 606 kg $\text{CO}_{2\text{ig}}$ en 500 kg $\text{CO}_{2\text{ig}}$ árið á undan.



Mynd 2: Reiknuð losun GHJ ($\text{CO}_{2\text{ig}}$) í tonnum vegna starfsemi VSÓ í umfangi 1, 2 og 3 árin 2015-2022.



Mynd 3: Losun GHJ ($\text{CO}_{2\text{ig}}$) vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu 2016-2022.



Mynd 4: Uppruni losunar GHJ ($\text{CO}_{2\text{ig}}$) árið 2022 (hlutfall).

Lykiltölur um umhverfi		
Heildarlosun GHL 56 tonn CO ₂ ig	Losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu 28 tonn CO ₂ ig	Losun vegna ferða á vinnutíma 22,5 tonn CO ₂ ig

VSÓ kolefnisjafnar rekstur sinn með skógrækt í samstarfi við **Kolvið**. Unnið er að ýmsum verkefnum sem stuðla að minni losun GHL.

Vinnubílar

Starfsfólk hefur aðgang að sex vinnubílum.

Rafmagnshjól

Starfsfólk hefur aðgang að einu rafmagnshjól.

Fríar strætóferðir

Starfsfólk getur ferðast frítt í strætó til og frá vinnu.

Rafræn samskipti

Fjarfundir, pappírslaus viðskipti, rafræn staðfesting á vni þæna.

Vistvænar samgöngur

Starfsfólk er hvatt til að nota vistvænar samgöngur.

Fjarvinna


Starfsfólk hefur möguleika á að vinna heima.

ORKUNOTKUN



Markmið VSÓ: Auka hlutfall endurnýjanlegrar orku og lágmarka notkun á allri orku.

Staðan: Orkunotkun hjá VSÓ samanstendur af rafmagn, heitu vatni, jarðefnaeldsneyti og metani. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa er 91% sem er 1% aukning frá árinu 2021 (mynd 5).



Mynd 5: Hlutfallsleg notkun endurnýjanlegra (rafmagn, heitt vatn og metan) og óendurnýjanlegra orkugjafa (jarðefnaeldsneyti) hjá VSÓ 2022.


Rafmagn og vatn

Rafmagnsnotkun vegna lýsingar er lágörkuð með hreyfiskynjun á svæðum þar sem viðvera fólks er ekki stöðug. Starfsfólk er hvatt til að slökkva á ljósum og tölvuskjám í lok vinnudags.


Rafmagnsnotkun á hvern starfsmann hefur minnkað frá árinu 2018 (mynd 6) en jókst þó árið 2022 miðað við Covid árin, eða upp í rúmlega 2.000 kWh á starfsmann. Rafmagnsnotkun vegna hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla árið 2022 var 6% af heildarnotkun, sama hlutfall og árið 2021.

Notkun á heitu vatni á hvern starfsmann hefur einnig minnkað frá árinu 2018 (mynd 7) en jókst þó árin 2021 og 2022 eða upp í um 65 m³ á hvern starfsmann bæði árin. Heita vatnið fer í að hita upp húsnæðið og kalda vatnið til drykkjar og þvotta.

Fjölgun starfsfólks hefur áhrif á orkunotkun þar sem fleira starfsfólk nýtir sama rýmið og dregur því úr orkunotkun á hvern starfsmann.



Mynd 6: Rafmagnsnotkun á hvern starfsmann hjá VSÓ 2015-2022.




Mynd 7: Heildar vatnsnotkun árin 2015-2022 sýnd á súlum og á vinstri ás (brotalínur sýna viðmiðið 0,5-0,8 m³/m³ frá veitum.is). Línur sýna vatnsnotkun á starfsmann (á hægri ás).

Eldsneyti

Markmið VSÓ: Draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti í vinnutengdum ferðum (ökutæki) miðað við fyrir tíma Covid, árið 2019. Við endurnýjun á vinnubílum VSÓ verða keyptir vistvænni bílar.

Staðan: Starfsemi VSÓ krefst þess að starfsfólk ferðist á milli staða við vinnu sína. Vegna verkefna sem unnin eru úti á landi og í Noregi þarf stöku sinnum að fljúga í vinnutengdar ferðir. VSÓ notar eldsneyti (dísel, bensín og metan) á sex vinnubíla fyrirtækisins, en tveir af þeim ganga fyrir metani. Metan eldsneyti er innlent og hefur því margfalt minna kolefnisspor en innflutt jarðefnaeldsneyti. Metan er skæð gróðurhúsalofttegund (um 20x meiri hlýnunaráhrif en CO₂) og felst því mikill umhverfislegur ávinningur í því að safna metaninu saman og brenna sem eldsneyti. Notkun á jarðefnaeldsneyti í vinnutengdar ferðir (ökutæki) var 26% meiri árið 2022 en árið 2021. Notkunin árið 2022 var hins vegar 54% minni en árið 2019 áður en Covid árin gengu í garð. Mynd 8 sýnir losun GHG miðað við mismunandi tegundir eldsneytis á vinnubílum VSÓ árið 2022.



 Mynd 8 Hlutfall losunar GHG (CO₂ig) vegna notkunar á mismunandi tegundum eldsneytis á vinnubíla VSÓ 2022.

SAMGÖNGUR



Markmið VSÓ: Stuðla að vistvænum samgöngum starfsfólks til og frá vinnu og að hlutfallið 2022 sé hærra en árið 2021.

Staðan: Til að styðja við markmiðið hefur starfsfólk aðgang að bílum fyrirtækisins og rafhjóli. Losun vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu má sjá á mynd 9.



Mynd 9: Losun GHG (CO₂eq) vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu.

VSÓ hvetur starfsfólk til að nýta sér vistvæna og heilsusamlega samgöngumáta til og frá vinnu og býður upp á samgöngusamning til þriggja, sex eða tólf mánaða. Þau sem skrifa undir samgöngusamning fá samgöngustyrk og skuldbinda sig til að ferðast með vistvænum hætti a.m.k. þrisvar í viku. Þau sem ekki hafa tæk á þessu en vilja ferðast með strætó til og/eða frá vinnu af og til geta fengið fríar strætóferðir með Klappkorti sem VSÓ útvegar.

Niðurstöður ferðavenjukönnunar benda til þess að starfsfólk nýti sér vistvænan ferðamáta í auknum mæli, eða 19% fleiri starfsmenn árið 2022 en 2021. Í vistvænum samgöngum felst að ganga, ferðast á hjóli/hlaupahjóli, strætó, rafmagns-, metan eða tengiltvinnbíl.

ÚRGANGUR OG PAPPÍR



Markmið VSÓ: Stuðla almennt að minni hráefnisnotkun og minnka úrgangsmyndun.

Staðan: Frá árinu 2011 hefur VSÓ unnið eftir **umhverfis- og samgöngustefnu** sem leggur áherslu á sjálfbærni og að farið sé vel með auðlindir. VSÓ leggur áherslu á að í allri starfsemi fyrirtækisins sé góð umgengni við umhverfið með hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi.


Úrgangsmyndun

Markmið VSÓ: Hlutfall úrgangs sem fer í endurvinnslu árið 2022 sé 65%.


Staðan: Árið 2022 fóru 2.030 kg af úrgangi í urðun. Fóru alls 3.623 kg af úrgangi í endurvinnslu vegna starfsemi VSÓ og þar af voru 2.261 kg lífrænn úrgangur (mynd 10). Hlutfall úrgangs sem fór til endurvinnslu (plast, pappír, málmar og lífrænn úrgangur) var 64% en 54% árið 2021 (mynd 11).

Árið 2021 bættist lífrænn úrgangur úr kaffistofum við flokkunina og árið 2022 lífrænn úrgangur úr mótuneyti. Haustið 2022 var matarsóun í mótuneyti kortlögð yfir ákveðið tímabil og verður þessi þáttur hluti af vöktun umhverfispáttá hjá fyrirtækinu. Tilgangurinn er að minnka matarsóun og meta losun GHG vegna matar, finna leiðir til að draga úr matarsóun, fræða starfsfólk um matarsóun og hvað það getur gert til að draga úr matarsóun. Starfsfólk er boðið upp á að taka heim með sér matar-afganga úr mótuneyti og kemur tilkynning í þar til gerðum Teams

hópi starfsmanna VSÓ þegar afgangar eru í boði. Næstu skref eru m.a. að skoða hvort hægt sé að bjóða upp á mat með lægra kolefnisspor, auka hlutfall umhverfisvottaðra vara og draga úr umhverfisáhrifum vegna umbúða.



Mynd 10: Magn (kg) úrgangs frá starfsemi VSÓ sem fór í endurvinnslu (plast, pappír og málmar), lífræns úrgangs og úrgangs sem fór í urðun 2017-2022.




Mynd 11: Hlutfall úrgangs sem fór í endurvinnslu og í urðun 2022.

Pappírnotkun

Markmið VSÓ: Draga almennt úr pappírnotkun og að notkun á A4 pappír sé undir 0,3 kössum á starfsmann á ári.

Staðan: Pappírnotkun hefur minnkað stöðugt frá árinu 2010. Þegar mælingar hófust (2010) var notkunin á A4 pappír 1,8 kassar á starfsmann. Árið 2022 notaði starfsfólk eingöngu 0,26 kassa á starfsmann en var 0,28 kassar árið 2021 (mynd 12). VSÓ notar umhverfisvottaðan pappír í 90% tilvika.



Mynd 12: Pappírnotkun VSÓ, kassar af A4 og A3 pappír á starfsmann, árin 2015-2022.

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Stuðst er við **UFS leiðbeiningar Nasdaq** um framsetningu gagna um laun forstjóra, launamun kynja, starfsmannaveltu, kynjafjölbreytni, hlutfall tímabundinna starfskrafta, aðgerða gegna mismunun, vinnuslysatiðni, hnattræna heilsu og öryggis, barna- og nauðungarvinnu sem og mannréttindi almennt.

Öryggistjórnun í samræmi við kröfur í **ISO 45001** er hluti af rekstrarkerfi VSÓ. Innan ramma þess eru ferlar sem stýra jafnréttis-, eineltis-, öryggis- og heilsumálum. Áhættuhugsun er notuð til að forgangsraða verkefnum svo unnt sé að vinna stöðugt að umbótum. Fyrirtækið vinnur eftir **jafnréttisáætlun** þar sem gæta skal fyllsta jafnréttis óháð þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. VSÓ hefur innleitt **sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi** ásamt forvarnar- og viðbragðsáætlun í þessu sambandi. VSÓ hefur þannig skuldbundið sig til að vinna í samræmi við íslensk lög og alþjóðlegar skuldbindingar sem ná yfir mannréttindi. Unnið er að því að árið 2023 fái stöðugt samkvæmt Jafnlaunastaðlinum ÍST 85.

Hér á eftir er fjallað um jafnrétti, launahlutfall, öryggi, heilsu og samfélagsþátttöku. Um aðra þætti og frammistöðu VSÓ er fjallað í viðauka.


JAFNRÉTTI OG LAUNAHLUTFALL



Markmið VSÓ: Jafna stöðu kynja í ábyrgðar- og stjórnunarstöðum og greiða jöfn laun og tryggja sömu kjör fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf.

Einnig að óútskýrður launamunur árið 2022 verði minni en 3%. Stefna VSÓ er að jafna kynjahlutfall í hinum ýmsu störfum innan fyrirtækisins s.s. í störfum verkefnisstjóra og sviðsstjóra.

Staðan: Hlutfall kvenna hjá VSÓ hefur aukist, það var 46% árið 2022 en 40% árið 2021. Sama hlutfall kvenna var í stjórn og sem sviðsstjórar á milli ára. Í framkvæmdastjórn var hlutfallið 11 % (ein kona og átta karlar) og í stjórn var hlutfallið jafnt eða þrjár konur og þrjár karlar. Hlutfall kvenna sem eru sviðsstjórar var 12,5% (ein kona og sjö karlar) og konur eru 27% verkefnisstjóra (mynd 13). Óútskýrður launamunur samkvæmt jafnlaunaúttekt var 2,1% árið 2022 og hefur minnkað frá 2021 þegar hann var 3%. Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og kvenna árið 2022 var 1,22% en 1,21% árið á undan. Allt starfsfólk VSÓ er tekið með í útreikninginn án tillits til menntunar, starfsreynslu o.fl. Árið 2022 var hlutfall starfsfólks í fullu starfi 90% og meðal starfsaldur 10 ár.



Mynd 13: Kynjahlutfall starfsfólks og stjórnenda hjá VSÓ 2022.


ÖRYGGI OG HEILSA



Markmiðin VSÓ: Starfsumhverfið sé heilsusamlegt og öruggt fyrir starfsfólk og aðila sem tengjast starfsemi. Að byggja upp góðan starfsanda þar sem allt starfsfólk er jafnt, og traust og trúnaður ríkir milli starfsfólks og stjórnenda.

Staðan: Almenn líðan, starfsánægja og vinnuálag starfsmanna er metið reglulega í könnunum og í heilsufarsskoðunum. Kannanir voru gerðar tvisvar árið 2022. VSÓ býður starfsfólki sínu árlega í heilsufarsviðtöl, heilsufarsmælingar og bólusetningu gegn influensu. Lögð er áhersla á líkamlega, andlega og félagslega vellíðan auk þess sem unnið er að öryggi starfa og slysaforvörnum. VSÓ hefur gert samning við utanaðkomandi aðila til að styðja við líkamlegt og andlegt heilsufar starfsfólks og tryggir starfsfólki aðgang að sálfræðiþjónustu þegar svo ber undir.

Hjá VSÓ starfar virk öryggisnefnd og í henni eru öryggistrúnaðarmenn sem eru fulltrúar starfsfólksins. Nefndin rýnir ferli um vinnuverndarmál og tekur þátt í ákvörðunum varðandi öryggi og heilsu starfsfólks. Starfsfólk hefur aðgang að persónuvarnarbúnaði sem er nauðsynlegur til að vinna verk á öruggan máta á verkstað. Engin vinnuslys urðu árið 2022 sem leiddu til fjarveru starfsfólks. Tvisvar á ári eru gerðar öryggisúttektir á vinnusvæðum í Borgartúni 20 og á öryggisbúnaði starfsfólks sem notaður er úti á verkstað (mynd 14).



Mynd 14: Fjöldi athugasemda í öryggisúttektum í vinnuumhverfi VSÓ Borgartúni 20 árin 2015-2022.

VSÓ leggur ríka áherslu á að auka þekkingu innan fyrirtækisins með sí- og endurmenntun og býður starfsfólki að sækja ýmis námskeið og fyrirlestra. Starfsfólk er í grunninn með fjölbreytta menntun. Meðal námskeiða má nefna námskeið í öryggismálum fyrir sérstök störf, skyndihjálp og brunavarnir og fræðsla um góða líkamstöðu við tölvuvinnu.

VSÓ fjárfestir í aðstöðu, búnaði og þjónustu sem stuðlar að vellíðan starfsfólks. Innleitt hefur verið skipulag sem styður það að fólk geti stundað hreyfingu til dæmis með því að hjóla eða ganga til og frá vinnu og styrkir eru veittir til líkamsræktar.

Hjá VSÓ starfar öflugt Starfsmannafélag sem stendur fyrir fjölda viðburða sem höfða til starfsfólks, maka og barna þannig að fjölskyldur starfsfólks hittast við skemmtileg tækifæri. Viðburðir eru fjölbreyttir og skipulagðir með það í huga að efla andlega og/eða líkamlega heilsu starfsfólks t.d. með fjallgöngum eða annarskonar útiveru (mynd 15).



Mynd 15: Starfsfólk VSÓ á Grænahrygg í Friðlandi að Fjallabaki í ágúst 2022.

Starfsfólk spilar fótbolta saman, gengur á fjöll og reglulega er boðið upp á jólgatíma á vinnustaðnum í Borgartúni 20. Þar er einnig tómstundaaðstaða sem starfsfólk nýtir sér daglega.

Starfsfólki stendur til boða að nota bíla fyrirtækisins í einkaerindum. Þannig minnkar þörf á að koma á einkabíl til vinnu. VSÓ rekur mötuneyti sem býður upp á fjölbreyttan mat, meðal annars vegan valkost.

VSÓ leggur áherslu á samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og er starfsfólk upplýst um möguleika sína á barneignarleyfi, sveigjanlegum vinnutíma, fjarvinnu eða einstaklingsbundnum lausnum varðandi vinnutíma.

Fundir eru einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði til að upplýsa starfsfólk um rekstrarkerfi, starfsemi VSÓ og málefni sem tengjast henni.

SAMFÉLAGSPÁTTAKA

VSÓ sýnir samfélagslega ábyrgð með því að styrkja ýmis mikilvæg málefni í nærsamfélaginu.

Í gegnum tíðina hefur starfsfólk **Vinnustofu Skálatúns** útbúið ýmis konar tækifærisgjafir fyrir VSÓ og árið 2022 voru gerðar margnota umbúðir fyrir jólagjafir starfsfólks.

Mikil ánægja er með þessi verkefni hjá starfsfólki vinnustofunnar.



VSÓ **styður við Krabbameinsfélag Íslands** og nokkur verkefni þess:



VSÓ **styður við ýmis önnur verkefni** almannaheillafélaga:



STJÓRNARHÆTTIR

Stuðst er við **UFS leiðbeiningar Nasdaq** um framsetningu gagna varðandi stjórn og stjórnarhætti, óhæði stjórnar, kaupauka, kjarasamninga, siðareglur birgja, siðferði og aðgerðir gegn spillingu, persónuvernd, sjálfbærnisráðgjafar og starfsvenjur við upplýsingagjöf. Hér á eftir er fjallað um stjórn VSÓ Ráðgjafar, ábyrgja stjórnarhætti, birgja og persónuvernd. Um aðra þætti og frammistöðu VSÓ er fjallað í viðauka.

STJÓRN VSÓ RÁDGJAFAR

Í stjórn eru sex manns, þrjár konur og þrír karlar. Áhersla er lögð á að breidd starfsfólks endurspeglit í stjórn, bæði hvað varðar kyn og aldur. VSÓ er í eigu starfsmanna þess og eru hluthafar 25, allir starfandi hjá fyrirtækinu. Komið hefur verið upp matskerfi sem gerir starfsfólki kleift að óska eftir því að gerast hluthafi í félaginu en markmið meirihluta núverandi eigenda er að einungis starfsfólk geti orðið hluthafar.

ÁBYRGIR STJÓRNARHÆTTIR



Markmið VSÓ: Tryggja ábyrgja stjórnarhætti sem sýna að fyrirtækið axli ábyrgð á verkum sínum. Einnig að veita viðskiptavinum

framúrskarandi þjónustu sem skilar þeim raunverulegum árangri og að 90% viðskiptavina mælist ánægður í viðhorfskönnun.

Staðan: VSÓ leggur áherslu á jákvætt andrúmsloft og gott vinnuumhverfi til að laða að hæft starfsfólk sem leggur sig fram um að skilja óskir og þarfir viðskiptavina. Reglulega er ánægja viðskiptavina metin og sett markmið um að ná stöðugt betri árangri. Niðurstaða könnunar meðal viðskiptavina í nóvember 2022 bendir til þess að 87% þeirra séu ánægðir með þjónustu VSÓ.

VSÓ leggur áherslu á að veita verðmæta og skilvirka þjónustu og að reksturinn sé fjárhagslega sjálfbær. Fyrirtækið hefur verið á lista Credit info yfir **framúrskarandi fyrirtæki** árlega frá árinu 2014 og **fyrirmyndar-fyrirtæki í rekstri** árlega frá 2017.



VSÓ á fulltrúa í stjórn Félags ráðgjafaverkfræðinga og leggur þannig sitt lóð á vogarskálarnar um að stuðla að eðlilegu samkeppnisumhverfi og að verkfræðivinnu styðji við **jákvæðan hagvöxt og góða innviði samfélagsins**. Starfsfólk VSÓ kennir ýmsar greinar í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og hjá lðunni, fræðslusetri.

Lykilatriði um stjórnarhætti			
Að viðskiptavinurinn sé ánægður	Gagnsæi	Að hugað sé að hagsmunaaðilum	Lög og reglugerðir uppfylltar

Við innkaup á vörum og þjónustu hefur VSÓ sett viðmið til að meta birgja og þjónustuaðila sem m.a. taka á umhverfismálum, öryggi og heilsu.

Viðmið VSÓ við mat á birgjum og þjónustuaðilum

- Geta til að útvega vöru/þjónustu á tryggan hátt.
- Verð á vöru og þjónustu.
- Fyrri verkefni undirverktaka og þjónustuaðila.
- Reynsla VSÓ af samstarfi við undirverktaka og þjónustuaðila.
- Fagmennska.
- Skjalfest gæðakerfi, verklag eða ferli sem unnið er eftir.
- Umhverfisstjórnun, verklag eða ferli sem unnið er eftir.
- Skipulagð vinnuverndarstarf.

PERSÓNUVERND

Markmið VSÓ: Að þeir einstaklingar, þ.e. starfsfólk, viðskiptavinir eða aðrir, sem er verið að safna upplýsingum um séu upplýstir um hvernig fyrirtækið safnar og vinnur persónuupplýsingar

Staðan: VSÓ er umhugað um persónuvernd og gagnaöryggi og því hefur fyrirtækið sett sér stefnu um **persónuvernd**. Markmið stefnunnar er að tryggja að VSÓ vinni aðeins með persónuupplýsingar að uppfylltum skilyrðum persónuverndarlaga og að gripið sé til nauðsynlegra öryggisráðstafana þegar á við. Í stefnunni kemur fram að aðeins nauðsynlegar upplýsingar eru meðhöndlaðar til að uppfylla samnings- og kjarasamningsbundnar skuldbindingar og uppfylla skyldur t.d. samkvæmt bókhaldslögum. VSÓ reynir eftir fremsta megni að halda öllum þeim persónuupplýsingum sem safnað er nákvæmum og áreiðanlegum og uppfærir þær eftir þörfum.



GRÆNA LEIÐIN AÐ SJÁLFBÆRRI FRAMTÍÐ


Kröfur um sjálfbærni og lágmörkun umhverfisáhrifa fara vaxandi og fleiri og fleiri sjá tækifæri í að vanda undirbúning og velja vistvænar lausnir þegar kemur að umhverfi, mannvirkjagerð og skipulagi byggðar.

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og hringrásarhagkerfisins er höfð að leiðarljósi í þjónustu undir merkjum Grænu leiðarinnar. Stefnan er að bjóða ráðgjöf og hönnun sem styður vegferð viðskiptavina í átt að kolefnishlutleysi og sjálfbærri þróun. Boðið er upp á greiningar, ráðgjöf og hönnun m.a. á sviði umhverfsvottana, orkunýtingar, lífsferilsgreininga, úrgangsstjórnunar, samgangna og skipulags. Lögð er áhersla á að öll verkefni skili framförum og raunverulegum árangri svo sem í:

- Lægra kolefnisspori.
- Minni úrgangi.
- Bættari auðlindanýtingu.
- Bætri orkunýtingu.
- Lægri líftímakostnaði.
- Bættari aðstöðu.
- Sjálfbærri byggðapróun.

Verkefni eru unnin þvert á fagsvið og áhersla er lögð á að koma að verkefnum á frumstigi hönnunar þar sem mestur ávinningur tengdur sjálfbærni næst á því stigi.

Í teymi Grænu leiðarinnar hjá VSÓ Ráðgjöf er starfsfólk af öllum fagsviðum og vinnur teymið að innleiðingu hugmyndafræði sjálfbærni og hringrásarhagkerfis í verkefnum.



VISTVÆNNI MANNVIRKJAGERÐ

VSÓ tók virkan þátt í samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila í byggingariðnaði um vistvænni mannvirkjagerð sem var unnin undir yfirskriftinni **Byggjum grænni framtíð**. Verkefnið fólst í mati á kolefnislosun frá íslenskum byggingariðnaði, markmiðssetningu um samdrátt í losun og mótun aðgerðaáætlunar. Afrakstur þessa samstarfsverkefnis kom út í júní 2022 í Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030 með 74 aðgerðum til að ná settum markmiðum byggingariðnaðarins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 43% til ársins 2030 m.v. viðmiðunarár.

Starfsfólk VSÓ sat í stýrihópi verkefnisins og ritstjórn, tók þátt í vinnuhópum auk þess að vinna að innleiðingu einstakra aðgerða sem Grænni byggð og HMS báru ábyrgð á. Meðal þeirra verkefna eru:

- Samræming aðferða við **lífsferilsgreiningar** (LCA) fyrir byggingar á Íslandi.
- Samræming aðferða við **orkuútreikninga** mannvirkja.

Umhverfisvottanir

Ráðgjöf í tengslum við umhverfisvottun er orðinn vaxandi þáttur í verkefnum VSÓ þar sem starfsfólk vinnur að gerð sönnunargagna fyrir vottun, hannar byggingar sem eru að fara í umhverfisvottun, vinnur matsstörf og kemur að verkefnisstjórnun í byggingum og skipulagi sem eru umhverfisvottuð.



Umhverfisvottunarkerfi eru byggð á þremur þáttum sjálfbærni, umhverfi, samfélagi og efnahag, en til eru nokkur mismunandi kerfi sem byggja á ólíkum áherslum og kröfum. Á Íslandi er BREEAM vottunarkerfið mikið notað en það hvetur bæði til sjálfbærrar byggðar, byggingarhönnunar og vistvænnar stjórnunar á verk- og rekstartíma. Svansvottun bygginga er frekar nýtilkomin hér á landi en í því kerfi er lögð mikil áhersla á heilsusamlegt húsnæði og lágmörkun eiturefna í byggingarefnum. Meðal verkefna VSÓ við umhverfisvottun má nefna:

- Miðborgarleikskóli, Reykjavíkurborg: BREEAM matsstörf.
- Höfðatorg, Katrínartún 6, Íþaka og Höfðatorg ehf.: BREEAM matsstörf.


- Meðferðarkjarni og Rannsóknarhús nýs Landspítala: Hönnun á burðarvirki og lögnum í BREEAM vottaðri byggingu og gerð sönnunargagna s.s. orkuútreikningar.
- Grunnskólinn á Hellu: Verkfræðihönnun á Svansvottaðri byggingu og landslagshönnun.

Orkuútreikningar bygginga

Hér á landi hefur ekki verið litið til orkusparnaðar og bættrar orkunýtingar við hönnun nýbygginga og endurbyggingu í eins miklum mæli og í nágrannalöndum okkar þar sem stífar kröfur eru í reglugerðum um þann þátt. Nokkur framför hefur orðið á síðustu árum, m.a. með uppfærslum á byggingarreglugerð.

VSÓ Ráðgjöf nýtir sérþekkingu í orkubúskap og orkuútreikningum og byggingarhermiforrit til að framkvæma dýnamíska orkuútreikninga og sýna frammistöðu byggingahönnunar m.t.t. orkuþarfar og orkunotkunar (mynd 16). Með því er hægt að tryggja skilvirka útfærslu á byggingarhjúp og tæknikerfum bygginga. Unnin hafa verið verkefni bæði á Íslandi og erlendis og leggur starfsfólk áherslu á að kynna sér vel allar nýjungar á þessu sviði og stuðla þannig að framförum og aukinni sjálfbærni. Meðal verkefna VSÓ við orkuútreikninga má nefna:

- **Dýnamískir orkureikningar fyrir 1. og 2. áfanga Dalskóla í Úlfarsárdal.** Með því að leggja mat á orkunýtni bygginga við hönnun skólans gafst tækifæri til að bregðast við og auka orkunýtni við rekstur hans.
- **Orkuútreikningar fyrir meðferðakjarna nýs Landspítala** sem voru sönnunargögn fyrir BREEAM vottun.



Mynd 16: Dæmi um lausnir sem bæta frammistöðu bygginga m.t.t. orkuþarfar og orkunotkunar.

Lífserill og líftími bygginga (LCA og LCC)

Algennt er að í verkefnum sem VSÓ vinnur fari saman að gera **lífserilsgreiningar** (LCA) og reikna út **kostnað bygginga yfir líftíma** þeirra (líftímakostnaðargreiningar, LCC). Ávinningur LCA og LCC kemur vel í ljós fyrir nýbyggingar þar sem hægt er að takmarka umhverfisáhrif strax við upphaf hönnunar. Með því að auka orku- og auðlindanýtingu byggingar yfir líftíma og velja endingarbetri og slitsterkari byggingarefni er bæði dregið úr umhverfisáhrifum sem og rekstrarkostnaði.

Meðal verkefna þar sem gerðar voru LCA og LCC greiningar hjá VSÓ Ráðgjöf árið 2022 eru:

- **Miðborgarleikskólinn, Reykjavíkurborg:** Gerðar voru LCA og LCC í hönnunaráfanga. Byggingin verður umhverfisvottuð skv. BREEAM.

- **Dalskóli í Úlfarsárdal, Reykjavíkurborg:** Gerðar voru lífsferilsgreiningar fyrir fimm áfanga Dalskóla sem er nýbygging; leikskóla, grunnskóla, íþróttahús, bókasafn og menningarhús og sundlaug.
- **Háteigsvegur 59, Félagsbústaðir, í samstarfi við s.ap arkitekta:** Gerð var LCC greining í hönnunaráfanga á þessari nýbyggingu, en hönnunin miðar við að nota hátt hlutfall af endurnýttum eða endurnotuðum byggingarefnum. LCA greiningu var beitt til að besta efnisval.
- **Rannsóknarhús og Meðferðarkjarni Landspítalans:** Gerður var samanburður á kostnaði yfir líftíma þessara bygginga skv. kröfum í BREEAM vottunarkerfinu.

Aðstöðustjórnun - UNICEF

Markmið aðstöðustjórnunar er að byggingar og búnaður í vinnuumhverfi og stoðþjónusta styðji við kjarnastarfsemi fyrirtækja á sem hagkvæm-astan og skilvirkastan hátt. Með aðstöðustjórnun má styðja við ákvarðanatöku og ráðgjöf um **vottun á sjálfbærni atvinnuhúsnæðis í rekstri** eins og **BREEAM In-use** eða öðrum sambærilegum vottunarkerfum.

VSÓ veitti **UNICEF** á Íslandi (Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna) ráðgjöf við að finna og aðlaga atvinnuhúsnæði að þörfum starfseminnar. Með því að flytja höfuðstöðvarnar úr miðbæ Reykjavíkur í Hafnarfjörð var hægt að ná fram bestu fermetranýtingu m.v. þarfir starfsfólks, framkvæmdastjórnar og hagaðila, mun hagkvæmari leigu og betri aðstöðu sem mun bæta rekstrarafkomu.



Hönnunarsamkeppni – sjálfbærni í Grófarhúsi

VSÓ veitti sjálfbærniaráðgjöf við mótun vinningstillögu í **hönnunarsamkeppni Reykjavíkurborgar** um endurhönnun og stækkun á Grófarhúsi, Tryggvagötu 15 (mynd 17). Markmiðið með breytingum og endurbótum á þessu húsnæði er að uppfylla sem best þær kröfur sem gerðar eru til nútíma bókasafna sem hýsa fjölbreytta þjónustu og dagskrá fyrir íbúa og aðra. Að vinningstillögunni stóðu teymi frá JVST arkitektum, Inside outside, Hanrath Architect, Kreatíva teiknistofu, VSÓ og Örug verkfræðistofu. Sérstaklega er minnst á sjálfbærni í mati dómnefndar en þar segir: Tillagan er leikandi og skemmtileg. Ferðalagið um Vitaveg er til þess fallið að veita gestum innblástur og eins og segir í greinargerðinni þá „eykst skynvit, þekkingarvit og menningarvit gesta“.



Mynd 17: Grófarhúsið, Tryggvagötu 15, Reykjavík.

Hringrásarhús

VSÓ Ráðgjöf og BM Vallá vinna að þróunarverkefni í samstarfi við s.ap arkitekta og Háskóla Íslands sem felst í að **hanna og reisa hringrásarhús** sem hægt er að taka í sundur og setja saman aftur. Húsið verður reist úr forsteyptum byggingareiningum sem lágmarkar kolefnisspor og hámarkar auðlindanýtingu. Markmiðið er að 90% af

byggingarefnum verði endurnotuð eða endurnotanleg. Verkefnið fékk styrki frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og úr Aski, mannvirkjasjóði HMS.

HRINGRÁSARHAGKERFIÐ

VSÓ veitir fjölbreytta þjónustu sem byggir á **hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins** sem er að auka líftíma auðlinda og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur. Í nýlegri stefnu í úrgangsmálum á Íslandi er lagt upp með að koma á virku hringrásarhagkerfi og taka þannig skref í átt að minni sóun verðmæta og auknu endurvinnslusamfélagi þar sem urðun verðmæta heyrir sögunni til.

Lagaumhverfi á sviði úrgangsmála hefur breyst á undanförunum misserum. Markmið með nýlegum breytingum á lögum sem tengjast úrgangsmálum er að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis svo stuðla megi að sjálfbærari auðlindanotkun og draga úr myndun úrgangs.

Kortlagning og leiðbeiningar um nýtingu byggingarúrgangs

Stefnt er að því að innleiða hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins í byggingariðnaði á Íslandi þannig að verðmæti byggingarefna rýrni sem minnst og komast þannig nær sjálfbæru samfélagi. VSÓ fékk það verkefni að greina helstu strauma byggingarúrgangs í nýbyggingum og niðurrifi, magn og kolefnisspor, fyrir Grænni byggð í samstarfi við HMS.

Gerðar voru leiðbeiningar um hvernig auka megi endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu byggingarefna með það að markmiði að minnka förgun og viðhalda verðmætum. Í skýrslu verkefnisins er einnig fjallað um farvegi úrgangs til framtíðar og sett fram dæmi og leiðbeiningar fyrir framhaldslíf helstu flokka úrgangs.



Úrgangsstjórnun

VSÓ hefur unnið ýmis verkefni fyrir ríki og sveitarfélög í tengslum við innleiðingu á nýlegri stefnu um hringrásarhagkerfið, breytt lagaumhverfi og endurskoðun á flokkunarkerfi úrgangs. Þá sat sérfræðingur VSÓ í starfshópi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um endurmat á kerfi framlengdrar framleiðendaábyrgðar hér á landi sem skilaði ráðherra skýrslu í nóvember 2022.

- **Handbók um framkvæmd úrgangsstjórnunar.** Um er að ræða vegvísi sveitarfélaga í úrgangsmálum sem fjallar um þær stefnumótandi ákvarðanir og þjónustu sem sveitarstjórnnum er ætlað að veita samkvæmt lögum. Unnin fyrir Umhverfisstofnun og Samtök íslenskra sveitarfélaga.
- **Sniðmát af útboðslýsingu, innkaupasamningi og tilboðshefti fyrir sérstaka söfnun og þjónustu grenndarstöðva** sem stuðlar að

innkaupum sveitarfélaga í anda hringrásarhagkerfis. Unnið fyrir Samband Íslenskra sveitarfélaga.

- **Greining á úrvinnslugjaldi á ökutæki.** Unnið fyrir Úrvinnslusjóð.

Endurnotkunaráætlanir

Fasteignafélög, ríki og sveitarfélög eru í vaxandi mæli að kortleggja eignasöfn sín og hefur VSÓ Ráðgjöf unnið slík verkefni á undanförunum misserum. Ávinningur af því að gera endurnotkunaráætlun er að efla hringrásarhagkerfið með því að endurnota meira af byggingarefnum, minnka úrgang, lágmarka kolefnislosun og viðhalda virði efnanna.

Gerð er úttekt á byggingu þar sem áætlað er magn og ástand byggingarefna og greindur farvegur til endurnotkunar eða endurvinnslu byggingarefna. Að auki er hægt að bæta við lífsferilsgreiningu (LCA) þar sem greint er kolefnisspor byggingarefna. Slík áætlun er gerð til að meta möguleika á að gera upp húsnæðið og endurnota byggingarefni ef kemur til þess að bygging verði rífin.

Ef um niðurrif er að ræða er gerð áætlun um meðhöndlun byggingar- og niðurrifsúrgangs skv. gr. 15.2.2 í byggingarreglugerð. Afurð endurnotkunaráætlunar eru jafnframt gögn sem eru fullnægjandi sem sönnunargögn vegna BREEAM og Svansvottunar.

- **Reykjavíkurborg,** fyrir hluta bygginga Hagaskóla.
- **Fasteignafélagið Reitir,** Kringlan 1 sem áður hýsti Morgunblaðið og Laugavegur 176.

VISTVÆNNI SAMGÖNGUR

Ísland hefur sett sér markmið um að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og beita ýmsum aðgerðum og hvötum til að ná því markmiði. Ráðgjöf VSÓ á sviði samgangna og breyttra ferðavenja er í takt við þetta markmið. Áhersla er lögð á umbætur í almenningsamgöngum, umferð hjólandi og gangandi og aðlögun gatna- og samgöngukerfa með sjálfbærni að leiðarljósi. Markmiðið er að leggja grunn að sjálfbærum og umhverfisvænum ferðaleiðum, draga úr umferð vélknúinna ökutækja, minnka kolefnisspor og álag á vegakerfið. Ábati skilvirkrar umferðarstjórnunar er sparnaður en ekki síður hreinna umhverfi, minni loft- og hávaðamengun, betri heilsa og aukið öryggi vegfarenda


Almenningsamgöngur og aðgengismál

VSÓ hefur á undanförunum árum unnið fjölmörg rannsóknarverkefni í samvinnu við Vegagerðina sem hafa gefið áhugaverðar niðurstöður. Á árinu 2022 fékk VSÓ úthlutað sjö styrkjum úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Verkefni voru á sviði umferðarstýringar, greiningar á ferðavenjum, endurbóta á stoppistöðvum almenningsvagna og þróunar á samgöngulíkani höfuðborgarsvæðisins.

- **Úttekt á ástandi stoppistöðva Strætó bs.**, aðallega á landsbyggðinni með það að markmiði að tryggja bætt aðgengi fatlaðs fólks að almenningsvögnum.
- **Frágangur rafskúta í borgarlandi** þar sem fjallað er um leiðir til að lágmarka fjölda rafskúta sem hindra umferð annarra vegfarenda.
- **Aðgengisúttektir** á fjölda bygginga í eigu Reykjavíkurborgar s.s. grunnskóla, leikskóla, á aðstöðunni í Nauthólsvík og hannaðar umbætur í aðkomu að Borgarsögusafni Reykjavíkur. Þetta er liður í samstarfssamningi við Reykjavíkurborg um verkefnastjórn, hönnun og

eftirlit með framkvæmdum vegna ferli- og aðgengismála 2022-2023. Einnig gerði VSÓ Ráðgjöf úttektir á aðgengi fyrir alla á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu fyrir FSRE/Ríkiseignir.

RAFSKÚTUSÍÐIR



LOFTSLAGSMÁL

VSÓ tekur mið af skuldbindingum Íslands og stefnu í loftslagsmálum í ráðgjöf sinni og leitast við að benda á leiðir til að ná bættum árangri, bæði varðandi mótvægisáðgerðir og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Loftslagsmiðað skipulag

VSÓ vinnur með mörgum sveitarfélögum að skipulagsmálum; Reykjavíkurborg, Hafnarfirði, Skagafirði o.fl. Í slíkri vinnu er farið eftir landsskipulagsstefnu 2015-2026 og viðaukum þar sem m.a. er stefna um **loftslagsmiðað skipulag**. Þar segir að skipulag byggðar, samgangna og landnotkunar skuli stuðla að kolefnishlutleysi og efla viðnámsþrótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Árangursmælikvarðar aðgerða í loftslagsmálum

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið leitaði til VSÓ um að endurskoða árangursmælikvarða aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Mælikvarðarnir eru settir til að fylgjast með árangri aðgerða og auðvelda eftirfylgni þeirra. Þessari endurskoðun er ætlað að einfalda uppfærslu á stöðu mælikvarðanna, auka og bæta miðlun á stöðu aðgerða og skilgreina viðmið um hver sé ásætlanlegur árangur aðgerða hverju sinni.

Útreikningur á kolefnisspori

VSÓ Ráðgjöf býður upp á þá þjónustu að reikna út kolefnisspor fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana auk þess að veita ýmsa ráðgjöf varðandi hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda tengt rekstri. Meðal verkefna á þessu sviði á árinu 2022 eru:

- **Orkubú Vestfjarða:** Unnið með Orkubúinu að gerð loftslagsbókhalds fyrir árin 2019, 2020 og 2021 og útbjó VSÓ Ráðgjöf samantekt sem

sýnir þróun kolefnisspors þessi þrjú ár og gert grein fyrir árangri sem náðst hefur miðað við aðgerðaráætlun um kolefnishlutleysi sem sett var fram árið 2020.

- **Málmsteypa Þorgríms Jónssonar:** Mat á kolefnisspori af rekstri fyrirtækisins árið 2021 og útreikningur á losunarstuðli á steypu járn.





UMHVERFI

FÉLAGSLEGIÐ
MÆTTIR

STÖRNARHÆTIR

VIÐAUKI UFS MÆLIKVARÐAR




Í viðaukanum eru UFS mælikvarðarnir settir fram í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq og er sett fram mat á frammistöðu VSÓ Ráðgjafar gagnvart þeim þáttum sem UFS mælikvarðarnir ná yfir. Árangur frá fyrra ári (2021) er metin. Notaðir eru litirnir **grænn, gulur, appelsínugulur og hvítur** til að lýsa frammistöðunni. Einnig eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem VSÓ leggur áherslu, tengd við UFS mælikvarðana og þau undirmarkmið heimsmarkmiðana og mælikvarða þeirra sem mögulegt er að tengja við¹.





Skýring á litum sem notaðir eru til að lýsa frammistöðu og meta stöðu markmiða hjá VSÓ gagnvart UFS mælikvörðunum.

Merking	Lýsing
	Gildi mælikvarða er betra en árið á undan eða endanlegum markmiðum fyrir mælikvarðann er náð.
	Engin eða óveruleg breyting er frá fyrra ári.
	Gildi mælikvarða er verra en árið á undan. Markmiðum ekki náð.
	Gögn eða viðmið liggja ekki fyrir.




¹ <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/maelabord/>






UFS MÆLIKVARÐAR - UMHVERFI


Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2021	2022	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
E1	Heildarmagn í CO ₂ ígildum, fyrir umfang 1.	tonn CO _{2ig}	16	16	Losun vegna umfangs 1 og 2 stendur í stað en losun vegna umfangs 3 jókst frá árinu 2021. Í Covid faraldrinum (2020-2021) minnkaði losun vegna mikillar fjarvinnu. Fyrir þann tíma var heildarlosun í kringum 90 tonn.		13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.	13.2.2 Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á ári.
	Heildarmagn í CO ₂ ígildum, fyrir umfang 2.	Tonn CO _{2ig}	3	3				
	Heildarmagn í CO ₂ ígildum, fyrir umfang 3.	Tonn CO _{2ig}	27	37				
E2	Heildarlosun gróðurhúsa-lofttegunda m.v. úttaksstærð (stöðugildi).	tonn CO _{2ig}	0,55	0,61	Losun á hvern starfsmann jókst frá 2021 vegna meiri viðveru starfsmanna á starfsstöðvum. Starfsfólki fjölgaði lítillega á milli ára, úr 90 í 92 (ársmeðaltal).		13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.	13.2.2 Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á ári.
	Heildarlosun lofttegunda annarra en gróðurhúsa-lofttegunda m.v. úttaksstærð.	-	-	-				
E3	Heildarmagn beinnar orkunotkunar (eldsneyti).	kWst	71.196	72.610	Notkun á eldsneyti jókst lítillega frá 2021.		12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.	-
	Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar (rafmagn).	kWst	158.226	208.467	Notkun á rafmagni jókst frá 2021 vegna meiri viðveru starfsmanna á starfsstöðvum. Starfsfólki fjölgaði lítillega á milli ára, úr 90 í 92.			
	Bein heildarorkunotkun m.v. úttaksstærð, stöðugildi (rafmagn).	KWst	1.768	2.266	Notkun á rafmagni á hvern starfsmann jókst frá 2021 vegna meiri viðveru starfsmanna á starfsstöðvum. Starfsfólki fjölgaði lítillega á milli ára, úr 90 í 92.			

Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2021	2022	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
E5	Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum.	Endurnýjanleg orka	90%	91%	Rafmagn, heitt vatn og metan eru endurnýjanlegir orkugjafar sem notaðir eru hjá VSÓ. Hlutfall þeirra hefur aukist hin síðari ár.	12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA 	12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.	-
E6	Heildarmagn af vatni sem er notað (heitt vatn).	m ³	5.861	5.973	Notkun á heitu vatni helst nokkurn vegin óbreytt á milli ára og er innan viðmiðs (0,5-0,8 m ³ /m ³). Veðurfar hefur mest áhrif á vatnsnotkun VSÓ.	12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA 	12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.	-
	Heildarmagn af vatni sem er endurheimt.	-	-	-				
E7	Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ er með formlega umhverfisstefnu, vinnur eftir vottuðu umhverfisstjórnarkerfi (ISO 14001) og stýrir notkun á auðlindum m.a. orku.	12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA 	12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð. 12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr soun.	12.5.1 Innlent endurvinnsluhlutfall, fjöldi tonna sem endurnýttur er.
	Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu?	Já/Nei	Já	Já				
	Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	Já/Nei	Já	Já				
E8	Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei	Nei			13 AÐGERDIR Í LOFTSLAGSMÁLUM 	13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.
E9	Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei	Nei				
E10	Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun.	m.ISK	50	75	VSÓ vinnur að því að styrkja þekkingu og ráðgjöf á sviði loftslags-mála og sjálfbærni sem kallast „Græna leiðin“.			




UFS MÆLIKVARÐAR - FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR


Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2021	2022	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
S1	Hlutfall heildarlauna-greiðslu forstjóra og miðgildis heildarlauna-greiðslna starfsfólks í fullu starfi.	%	1,9	1,9	Unnið er að því að fá vottun skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85 árið 2023.	-	-	-
	Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Nei	Nei				
S2	Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna.	%	1,21	1,22	Árið 2022 var óútskýrður launamunur 2,1% konum í óhag m.v. meðalheildarlaun starfsfólks. Unnið er að því að fá vottun skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85.	5 JAFNRÉTTI KYNJANNA 	5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.	
S3	Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi.	%	8,5	6		8 GÖÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR 	-	-
	Árleg breyting starfsfólks í hlutastarfi.	%	-	-				
	Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa.	%	-	-				
S4	Kynjahlutfall innan fyrirtækisins.	%	40/60	46/54	Unnið er að hækkan hlutfalls kvenna og er stefnan að jafna kynjahlutfall í hinum ýmsum störfum hjá VSÓ.	5 JAFNRÉTTI KYNJANNA 	-	-
	Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta lagi starfsfólks fyrir ofan, í prósentum.	%	-	-	Gögnum ekki safnað um kynjahlutfall í byrjunarstörfum.			

Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2021	2022	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
	Kynjahlutfall í störfum í efsta lagi starfsfólks og sem framkvæmdastjórar/ sviðsstjórar, í prósentum.	%	11	11	Stefna VSÓ er að jafna kynjahlutfall í hinum ýmsu störfum innan fyrirtækisins.	5 JAFNRÉTTI KYNJANNA 	-	-
S5	Prósenta starfsfólks í hlutastarfi.	%	4	10	Engin viðmið/markmið hafa verið sett.	8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR 	-	-
	Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf.	%	-	-				
S6	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreitni og/eða jafnrétti?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ vinnur eftir jafnréttisáætlun og Sáttmála gegn einelti, ofbeldi og áreitni sem nær yfir alla hópa samfélagsins.	5 JAFNRÉTTI KYNJANNA 	-	-
S7	Tíðni slysatengdra atvika m.v. heildartíma vinnuafslsins í prósentum.		0	0	Markmið VSÓ er að engin slasist við vinnu á vegum VSÓ.		3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.	
S8	Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ vinnur eftir vottuðu öryggis- og heilsustjórnunarkerfi í samræmi við ISO 45001 og er markmið að öll komum við heil heim og engin þrói með sér atvinnutengda sjúkdóma.	3 HEILSA OG VELLIÐAN  8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR 	3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar. 8.8 Réttindi á vinnumarkaði verði vernduð og stuðlað að öruggu og tryggju vinnuumhverfi fyrir allt launafólk, meðal annars farandverkafólk, einkum konur í þeim hópi og þá sem eru í óöruggu starfi.	-

Mælikvarði	Lýsing	Eining	2021	2022	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
S9	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ fylgir almennri löggjöf á Íslandi sem nær yfir vinnu barna og unglinga.		8.7 Gerðar verði tafarlaugar og árangursmiðaðar ráðstafanir til þess að útrýma nauðungarvinnu. Nútímaþrælahald og mansal heyrir sögunni til og tekið verði fyrir barnaþrælkun og hún bönnuð, þar á meðal herþjónusta barna, og eigi síðar en árið 2025 verði nauðungarvinna barna í allri sinni mynd úr sögunni.	-
	Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Nei	Nei				
S10	Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ vinnur eftir jafnréttisáætlun og Sáttmála gegn einelti, ofbeldi og áreitni sem nær yfir alla hópa samfélagsins.	-	-	-

UFS MÆLIKVARÐAR - STJÓRNARHÆTTIR

Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2021	2022	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
G1	Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla).	%	50	50	Stefna VSÓ er að jafna kynjahlutfall í hinum ýmsu störfum innan fyrirtækisins.		5.5 Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.	5.5.2 Hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum.
	Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla).	%	Á ekki við	Á ekki við				
G2	Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	Já/Nei	Já	Já	Góðir stjórnarhættir gera ráð fyrir ákveðnu hlutfalli óháðra stjórnarmanna.	-	-	-
	Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum.	%	17	17				
G3	Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	Já/Nei	Nei	Nei	Ekki til staðar.	-	-	-
G4	Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga.	%	100	100	Allt starfsfólk fellur undir almenna kjarasamninga.		8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.	8.5.1 Meðaltímakaup starfandi karla og kvenna, eftir starfi.
G5	Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	Já/Nei	Nei	Nei	Hefur ekki verið hluti af birgjamati að gera þessa kröfu.		-	-
	Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum, í prósentum?	%	-	-				

Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2021	2022	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
G6	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	Já/Nei	Já	Já	Siðareglur eru hluti af starfsreglum stjórnar VSÓ.	-	-	-
	Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafis þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	%	-	-				
G7	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	Já/Nei	Já	Já	Persónuverndarstefna og verklag um meðferð persónuupplýsinga hjá VSÓ var innleitt 2018.	-	-	-
	Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já/Nei	Já	Já				
G8	Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbæriskýrslu?	Já/Nei	Já	Já	Sjálfbæriskýrsla gefin út frá árinu 2020, stuðst við UFS mælikvarða og leiðbeiningar Nasdaq.		12.6 Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.	12.6.1 Fjöldi fyrirtækja sem birta skýrslur um sjálfbærni.
	Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Nei	Nei				
G9	Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	Já/Nei	Nei	Nei				

Mælikvarði	Lýsing	Eining	2021	2022	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
	Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (HPS)?	Já/Nei	Já	Já	Árið 2019 voru tengsl starfsemi VSÓ við heimsmarkmiðin skoðuð sérstaklega og voru þau kortlögð m.v. starfsemina. Starfsemin er margbætt og tengist mörgum heimsmarkmiðum. Lögð er áhersla á sex heimsmarkmið.	 	-	-
	Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu HSP?	Já/Nei	Nei	Nei			-	-
G10	Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila?	Já/Nei	Nei	Nei	-	-	-	-